**Breiðdalur**
*...brosir við þér*

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
Skj.fl. 10.7.2
Innk.
15. JÚLÍ 2008
Ábm. HG
Sl.R 08040139

Breiðdalshreppur
760 Breiðdalsvík
www.breiddalur.is

Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneyti
Skúlagötu 4,
150 Reykjavík.

Breiðdalsvík, 14. júlí 2008
Tilv. 2008071401/13-05

**Efni: Úthlutun á byggðakvóta fiskveiðiárið 2007/2008.**

Vísað er í bréf ráðuneytisins dags. 27. júní 2008. Sveitarstjórn Breiðdalshrepps óskar eftir að eftirfarandi skilyrði varðandi byggðakvóta Breiðdalshrepps verði tekin til greina:

> Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gildi um úthlutun byggðakvóta Breiðdalshrepps með eftirfarandi viðauka/breytingum:
>
> a) Byggðakvóta Breiðdalshrepps verði úthlutað jafnt milli allra skipa sem sækja um og uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.
> b) Hafi útgerð leigt frá sér meiri aflaheimildir en hún hefur leigt til sín í þorskígildum talið eða selt frá sér hærri aflahlutdeild en hún hefur keypt frá 1. september 2007 til 1. júní 2008 skal byggðakvóti þeirrar útgerðar skerðast hlutfallslega í samræmi við þær heimildir sem hún hefur flutt frá sér. Byggðakvóta þeim sem umrædd útgerð hefði ella fengið skal ráðstafa jafnt til annarra fiskiskipa er uppfylla ákvæði reglugerðarinnar að öðru leyti.
> c) Byggðakvóta Breiðdalshrepps verði úthlutað á skip í þremur áföngum, 1/3 hverju sinni enda séu önnur skilyrði reglugerðarinnar uppfyllt og staðfest af sveitarstjórn Breiðdalshrepps.

Virðingarfyllst,

Páll Baldursson
Sveitarstjóri Breiðdalshrepps
Ásvegi 32, 760 Breiðdalsvík
s: 4 705 561 / f: 4 756 758 / g: 896-6716
palli@breiddalur.is / www.breiddalur.is